



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 136/403
komudagur 11.12.2008

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Brynhildur Pálmadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember, 2008

Efni: Umsögn FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 28. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (einföldun reglna um samruna og skiptingu).

FÍŠ telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. Með tilkomu þess mun sparast tími og peningar auk þess sem að umræddir ferlar verða einfaldari og aðgengilegri. FÍŠ telur hins vegar að ganga megi lengra í átt til einföldunar. Félagið vill auk þess koma með eina ábendingu.

II. Birting í Lögbirtingarblaði og biðtími

FÍŠ telur að með umræddri breytingu verði birting skv. 2. mgr. 123. gr. hfl. óþörf og í raun ótæk. Félagið mælir með að skýrt verði kveðið á um það í lögnum með það fyrir sjónum að taka af allan vafa þar um. Ný 2. mgr. 123. gr. hfl. gæti hljóðað svo:

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 151. gr. [ef gerð hefur verið skýrsla óháðra og sérfróðra matsmanna skv. 122. gr.] Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að samruninn kunnir að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 122. og 126. gr.¹

¹ Tilaga FÍŠ um viðbót er í rauðu lettri.



– fyrir íslenska verslun

Birting í lögbirtingarblaði hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar að upplýsa kröfuhafa sem gætu setið uppi með lakari möguleika á fullnustu krafna sinna og gefa þeim færi á að fá fullnustu fyrir kröfum sínum. Hins vegar að upplýsa grandlausla hluthafa um fyrirhugaða aðgerð. Í umræddum tilfellum eru ekki til staðar neinir grandlausir hluthafar sem huga þarf að enda er um að ræða ákvörðun sem tekin er af öllum hluthöfum sameiginlega. Birting sem miðar að því að vernda rétt grandlausra hluthafa er því með öllu þarflaus. Varðandi kröfuhafa þá eru úrræði þeirra skv. 126. gr. hfl.² ekki tæk enda geta þeir einungis lýst kröfum sínum ef skýrsla sérfróðra og óháðra matsmanna gefur tilefni til að ætla að möguleikar á fullnustu versni við samruna eða skiptingu. Slík skýrsla er ekki til staðar sem þýðir að úrræðið er ekki tækt sem aftur leiðir af sér að birting er tilgangslaus.

Í ljósi þessa telur FÍSt viðeigandi að skylda til birtingar í Lögbirtingarblaði og frestur vegna hennar verði afdnuminn í umræddu tilfelli. Slíkt mun einfalda umræddan feril enn frekar og spara verulegan tíma og peninga.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍSt sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is

² ■ **126. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottinnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögum.**